



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Öll sem eitt

Hrefna Þórarinsdóttir
Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar
Skólaárið 2022-2023



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	3
3.	Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	4
4.	Mat á verkefninu	4
5.	Greinargerð um notkun styrkfjár	4
6.	Kynning	5
Heimildir		Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjöl ef við á		Villa! Bókamerki ekki skilgreint.

ATH.

- Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is
- Skýrslur vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna eru [birtar á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar](#)

1. Inngangur

Helstu markmið verkefnisins var að stuðla að bættri líðan hinsegin barna og ungmenna með auknu fagstarfi og styrkja fagfólk og foreldra í að vera til staðar fyrir þennan hóp.

Við vildum bregðast við þeim auknu þörfum á þjónustu sem við finnum fyrir í daglegu starfi félagsmiðstöðvarinnar og hjá starfsfólki á vettvangi og gera það á eftirfarandi máta:

- Auka virkni og þátttöku hinsegin barna og unglunga í faglegu frístundastarfi með því að bjóða upp á opið starf fyrir 10-12 ára aldurshópinn í öruggu umhverfi með vel þjálfuðu starfsfólki.
- Styrkja sjálfsmynd þeirra og stuðla að aukinni sjálfsþekkingu
- Stuðla að aukinni þekkingu á hinsegin málefnum og auka færni starfsfólks félagsmiðstöðva borgarinnar í að vinna með hinsegin börnum og ungmennum
- Styðja við foreldra og forsjáraðila þessara barna og ungmenna.

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að uppeldi og menntun barna sé samfélagslegt verkefni sem krefst bæði formlegrar og óformlegrar menntunar. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn og við skapa þorp sem hefur hag hinsegin barna að leiðarljósi.

Þeir þættir menntastefnunnar sem endurspeglast í starfinu eru eftirfarandi:

Virkni:

Leitast var við að finna þá einstaklinga sem þurftu á aukinni hvatningu að halda og aðstoð við að rækta persónuleika, hæfileika og andlega sem og líkamlega getu til óformlegrar menntunar. Stutt var við einstaklinga sem þurfa enn meiri leiðsögn og eftirfylgni á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar.

Fagmennska og samstarf:

Reynslunám Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar sem hefur verið frá árinu 2017 hélt áfram og lagði áherslu á að fræða starfsfólk félagsmiðstöðva um tæki og tól sem þau geta nýtt í starfi í sinni félagsmiðstöð og stutt þau í að finna hinseginleikanum farveg í sinni dagskrá og starfsemi. Með þessu opnast tækifæri til starfsþróunar og nýsköpunar í starfi félagsmiðstöðva. Með auknu foreldrasamstarfi vildum við styðja foreldra í að vera til staðar fyrir hinsegin börn og ungmennt eins og best verður á kosið.

Félagsfærni og sjálfsefning:

Með vikulegum opnunum gafst sóknarfæri í að þjálfa þátttakendur í að takast á við þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir í daglegu lífi og standa af sér þann storm sem oft mætir hinsegin ungmennum í skóla- og frístundastarfi sem og í lífinu almennt.

Einnig var lögð áhersla á að skapa tækifæri til sjálfsefningar í starfinu með formlegum og óformlegum hætti.

Heilbrigði:

Lögð var áhersla á andlega líðan sem og líkamlega og enn meiri áhersla sett á fræðslu og forvarnir í tengslum við kynheilbrigði hinsegin barna og ungmenna sem og að gera starfsfólk félagsmiðstöðva borgarinnar kleift að sækja sér aukna þekkingu í tengslum við þessa málaflokka.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

- Hverjar voru þær áskoranir sem verkefninu var ætlað að bregðast við?
- Af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?
- Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins háttað? (Tímarammi, umfang, verkhlutar, verkaskipting).

Verkefninu var fyrst og fremst ætlað að mæta þeirri gríðarlegu þjónustubörf sem hafði skapast hjá yngri hinsegin ungmennum og gefa þeim tækifæri á að sækja opið starf í öruggu umhverfi þar sem þau gátu verið þau sjálf án fordóma eða annarra hafta sem þau mæta reglulega í öðru umhverfi. Einnig að tengja þau saman við önnur ungmenni í sömu stöðu og bjóða upp á faglegt starf þar sem þau fá tækifæri til að vaxa og þroskast.

Verkefnið hefur verið í gangi með einum eða öðrum hætti síðan 2019/2020 og byrjaði fyrst með lokuðu hópastarfi. Við sáum það fljótt að opið, vikulegt starf væri ákjósanlegra til að mynda betri og dýpri tengsl við þennan aldurshóp og styrkja þau í félagslegu umhverfi og þykir okkur mikill munur á starfinu nú en áður og erum verulega ánægð með þá ákvörðun að opna starfið á þennan máta. Það gaf líka þátttakendum færi á að sækja þær opnanir sem þeir komust á yfir lengra tímabil (sept-maí) en áður hafði verið.

Boðið var upp á vikulegar opnanir á fimmtudögum frá 16:30-18:00 í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar 100og1; Spennistöðinni. Tveir starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar sáu um framkvæmd verkefnissins; forstöðumaður og frístundaleiðbeinandi en einnig voru tveir sjálfboðaliðar Samtakanna 78 sem studdu starfsmenn við framkvæmd þess. Stofnaður var foreldrahópur á miðlinum Facebook sem notaður var til samskipta og upplýsingaöflunar og var mikil ánægja með það.

Reynslunámið var með sama hætti og fyrri ár.

Hver frístundamiðstöð fékk úthlutað um 8 skiptum yfir veturinn þar sem þeim gafst færi á að senda tvo starfsmenn á opnun 13-16 ára aldurshópsins til að sjá hvernig starfið færi fram og mynda tengsl við þátttakendur. Einnig stóð öllum frístundamiðstöðum til boða að fá kynningu á starfinu, hinsegin sýnileika og ýmsum áskorunum sem við getum mætt í starfi með hinsegin ungmennum.

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

- Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum?
- Hvernig geta niðurstöður verkefnisins nýst öðrum?
- Hver var ávinningur verkefnisins fyrir börnin?
- Hvernig tengdist verkefnið fræðasamfélaginu eða rannsóknum?

Reynslan af verkefninu Öll sem eitt er gríðarlega mikilvæg fyrir starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar þar sem verkefnið gerði okkur kleift að sinna hópi sem hafði skapast mikil þörf fyrir að sinna. Við töldum hentugra að bjóða upp á opið starf frekar en sértækt hópastarf sem áður hafði verið boðið upp á og það væri ákjósanlegra til að mynda betri og sterkari tengsl við þátttakendur að bjóða upp á starfið til lengri tíma en hafði tíðkast í sértæka hópastarfinu.

Ekki var gerð formleg könnun á líðan og högum þátttakenda en mætingin í starfið og ánægja foreldra var eitthvað sem við studdumst við til að meta hvernig hafði til tekist.

Mætingin fór fram úr björtustu vonum og myndaðist þéttur hópur sem sótti opnanirnar og urðu til vinasambönd þvert á hverfi borgarinnar og víðar, sambönd sem ekki hefðu orðið til ef ekki hefði verið fyrir opnanirnar. Einnig sáum við mun á líðan þátttakenda og öryggi þeirra í starfinu með hverri opnuninni. Þarna er hópur sem þarf að styðja við áfram, efla og auka þjónustu við, líkt og í unglingastarfinu.

Alls voru um 35 einstaklingar sem sóttu starfið í heild sinni og var vikuleg mæting um 15-20 einstaklingar á hverri opnun. Það segir okkur að þarna úti eru eflaust fleiri sem hefðu gagn af slíku starfi líkt og öðru 10-12 ára starfi sem boðið er upp á í öllum félagsmiðstöðvum borgarinnar.

4. Mat á verkefninu

Mat á verkefninu var óformlegt og fór fram í gegnum samtöl við foreldra þátttakenda, þátttakendur, samstarfsaðila og starfsfólk. Við nýttum ígrundun eftir hverja opnun í 10-12 ára starfinu sem gerði okkur kleift að bregðast við þeim vandamálum sem komu upp og koma þeim í réttan farveg (samskipti við foreldra, samskipti við þátttakendur, barnaverndartilkynningar o.þ.h).

5. Greinargerð um notkun styrkjár

Laun framkvæmdaraðila; forstöðumaður og frístundaleiðbeinandi	4.500.000
Annar efniskostnaður	500.000

6. *Kynning*

Verkefnið var kynnt öllum stjórnendum félagsmiðstöðva í upphafi starfsárs og stóð til að kynna niðurstöður þess og framkvæmd á Höfuð í bleyti 2023 en það gekk ekki eftir vegna óviðráðanlegra aðstæðna.